

13.01.–22.04.2018

# Myrkraverk

Tales of the  
Unseen



# Myrkraverk

Alfred Flóki  
Ásta Sigurðardóttir  
Jóhanna Bogadóttir  
Kristinn Pétursson  
Sigga Björg Sigurðardóttir  
Sigurður Ámundason

Heiti sýningarinnar, *Myrkraverk*, er hálfgerður orðaleikur sem sprettur upp úr þeim árstíma sem hún stendur yfir. Myrkrið er alltumlykjandi í upphafi en á fyrstu mánuðum nýs árs skynjum við dag frá degi hvernig það vikur smám saman fyrir birtu hækkandi sólar. Það sem áður var hulið rökkri tekur hægt og sígandi á sig skýrari mynd. Þá á heitið ekki síður við inntak verkanna á sýningunni. Þar eru verk listamanna sem hafa sótt sér innblástur úr þjóðsögum og skáldskap eða skapað sinn eigin huliðsheim tákna og mynda. Hún er uppfull af dularfullum og spennandi myndum sem kveikja á ímyndunaraflinu einmitt á dimmasta tíma ársins. Sumar vísa til kunnra sagna sem skráðar hafa verið en aðrar hafa mótast með sjálfstæðum hætti í frásagnarheimi listamannsins. Allar endurspeglja þær mannlega tilvist, samskipti fólks, tilfinningar og hugarástand. „Myrkraverk“ sýningarinnar eru flest unnin á pappír, teikningar og grafíkverk – og ef til vill væri hér nærtækara að nota hið alíslenska en lítt notaða hugtak *svartlist*.

Hið yfirnáttúrulega og kynngimagnaða var áður vettvangur til að yfirfæra á mannlega hegðun í því skyni að einangra, rannsaka og reyna ef til vill að skilja betur. Þetta gildir um þjóðsögurnar þar sem tilfinningar sögupersónanna, kostir þeirra og lestir voru ýkt til skemmtunar og lærdóms. Í sögum endurspeglast þjóðtrú Íslendinga, þær lýsa hversdagslífi fólks, störfum þess, hugmyndum, átrúnaði og löngunum. Sögurnar eru hluti þeirrar alþýðumenningar sem einkenndi sveitasamfélagið en þær hafa einnig haft áhrif á samtíma okkar. Einn þeirra sem heillaðist af þessum sagnaheimi var listamaðurinn **Kristinn Pétursson** (1896–1981).

Kristinn lagði fyrst und á höggmyndalist en sneri sér síðan að málverki og grafík. Hann vann eirstungur einna fyrstur Íslendinga.

Fyrst kom séría af íslenskum torfbæjum á þriðja áratugnum en síðar „þjóðsagnaraderingarnar“ sem hann nefnir svo í dagbókum sínum. Þar spretta fram minni úr íslenskum og alþjóðlegum þjóðsögum. Kristinn vakti nokkra athygli með þessum verkum sínum og voru nokkur þeirra valin í myndskreytta útgáfu íslenskra þjóðsagna árið 1944. Þegar listamaðurinn var sestur að í Hveragerði á fimmta áratugnum – líkt og fleiri listamenn – dró hann aftur fram þessar þjóðsagnamyndir og tók til við að handlita þær. Niðurstaðan eru meðal annars þau verk sem hér eru sýnd og hafa aldrei áður komið fyrir sjónir almennings. Víst er að þessar lituðu „þjóðsagnaraderingar“ Kristins eiga engan sinn líka í íslenskrari listasögu og þótt víðar væri leitað.

Kristinn hvarf snemma frá grafíkinni og tók til við málverk í súrrealískum anda. Hann hafði um skeið fyrir reglu að skrá drauma sína og vann upp úr þeim furðuverk þar sem meðal annars ljósastaurar og skór lifnuðu við. Þá dvaldi Kristinn löngum við landslagsverk þar sem hann gerði tilraunir með geómetríu, abstraksjón og óvenjuleg litbrigði. Hann vildi þróa persónulegan stíl í landslagsverkunum með áherslu á veðurfar, form og liti. Verk hans vöktu ekki ýkja mikla hrifningu, þau voru tilraunakennd og úr takti við það sem efst var á baugi í íslenskrari list. Kristinn hélt síðustu opinbera sýninguna árið 1954 á vinnustofu sinni í Hveragerði. Eftir það hélt hann sig til hlés en vann að verkum sínum úr kyrrþey allt til æviloka. Þá urðu formtílaunir hans enn framsæknari og verkin óhlutbundin. Hann tók einnig að gera þrívíðar formtílaunir. Kristinn var heimspökilega sinnaður, ritaði dagbækur og skráði niður ýmsar hugleiðingar um myndlist. Allnokkurt safn málverka og teikninga liggur eftir Kristin en síðustu skúlptúrar hans eru glataðir.

Þjóðsögurnar sem við sjáum vakna til lífsins í grafíkmyndum Kristins Péturssonar liggja einnig til grundvallar í mannesspilum **Ástu Sigurðardóttur** (1930–1971). Þar gengur hún enn lengra og ljær persónum sagnanna líf fremur en að draga upp mynd af atburðunum.

Kunnuglegir galdramenn, karlar og konur, afturgöngur og aðrir kynlegir kvistir koma okkur ljóslifandi fyrir sjónir með skýr persónu-einkenni. Á miðju spili er skrautbekkur sem minnir á hvíta- og svartagaldir og má þar sjá ýmislega galdrastafi. Þjóðsagnaspil Ástu fóru ekki í framleiðslu á sínum tíma en upprunalegar teikningar hennar eru varðveittar í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni. Þær má sjá á sýningunni *Sjónarhornum* í Safnahúsinu við Hverfisgötu en hér birtast þær á skjá ásamt heiti viðkomandi persóna.

Áhugi Ástu á þjóðsögnum kann að tengjast því að þar má greina mynd af þjóðfélagsstöðu kvenna í gamla bændasamfélaginu. Ástu var hugleikin sú staðalímynd sem hún mátti búa við sem kona í eigin samtíma, hugmyndir sem samfélagið hafði mótað um konur og hvernig þær áttu að haga sér. Úr gömlu þjóðsögnum má lesa afstöðu karla til kvenna fyrr á öldum en þar koma líka fram draumar, væntingar og þrár kvenna um annað hlutskipti og betra líf. Ef lesa má raunsanna samfélagslýsingu úr fantasíum þjóðsagnanna þarf ekki að lesa á milli línanna í smásögum Ástu sjálfar. Svo raunsæislega þótti hún lýsa aðstæðum og framvindu að lesendur lögðu gjarnan líf skáldkonunnar og skáldverk hennar að jöfnu. Yrkisefni Ástu voru iðulega þeir sem minna mega sín, þeir sem þjást í togstreitu á milli eigin óska og krafna samfélagsins. Persónur hennar eru konur á jaðrinum, fátæk börn eða undirmálsfólk sem þrjár að samfélagið taki það í sátt.

Árið 1961 komu smásögur Ástu út í bók ásamt nokkrum dükristum hennar. Árið áður hafði hún ásamt ljóðskáldinu Þorsteini frá Hamri gefið út bókverkið *Tannfé* handa nýjum heimi, prýtt eigin dükristum með ljóðum Þorsteins. Grafíkverk Ástu voru aldrei þrykkt sem eiginleg myndverk heldur einungis birt í útgefnum bókum. Fjölskylda Ástu hefur gefið gódfúslegt leyfi til að þrykkja nokkur sýningareintök af dükristum hennar sem enn eru varðveittar, til þess að sýningargestir fái betur notið þessara fágætu myndverka. Hér má sjá persónur og táknræna túlkun á atburðum sem greint er frá með ógleymanlegum hætti í sögunum.

Ásta Sigurðardóttir storkaði viðteknu siðgæði og gerði uppreisn gegn ríkjandi gildum samfélagsins. Sömu sögu má segja um listamanninn **Alfred Flóka** (1938–1987). Þau notuðu bæði listina til þess að draga fram í dagsljósið það sem mönnum var allajafna hulið. Til þess að sýna fólki inn í heim sem er á skjön við viðteknar venjur, umfaðma mannlegan breyskleika og afhjúpa borgaraleg gildi og samfélagslegar kreddur. Verk Alfreds Flóka státa af ríkulægri frásagnargleði en standa flest án skírskotunar til texta. Undantekning eru eiginlegar myndskreytingar hans eins og til dæmis í útgáfu þýðdra sagna í bókinni *Hrollvekjur* frá árinu 1982. Alfred Flóki leit aði í aðferðir sýmbólisma og súrrealisma, sem og í heim dulspeki og skáldskapar. Mannleg tilvera birtist í fígúratífum blek- og kolateikningum hans sem mynduðu furðulegan og myrkan myndheim.

Yfir eitt þúsund teikningar eftir Alfred Flóka eru varðveittar í Listasafni Reykjavíkur. Skissur frá mótunarárum listamannsins sýna hvar hann leitaði sér innblásturs, meðal annars í skáldverkum Dostojevskis og í frásögnum Biblíunnar. Þar er einnig að finna ýmsar myndir af ónefndum grúskurum á kafi í bóklestri. Í verkum hans kemur fram sérstakt og margslungið myndmál sem og persónulegur sýmbólismi. Fyrsta myndlistarsýning Alfreds Flóka árið 1959, þegar hann var rétt um tvítugt, vakti mikla athygli. Hann hafði þá verið eitt ár yfir nám í Listakademíunni í Kaupmannahöfn. Ásinn feril upp frá því vakti hann sterk viðbrögð, bæði sem persóna og með verkum sínum sem hneyksluðu marga. Þar sýndi hann inn í heim undimeðvitundarinnar þar sem ríkti dulúð, óhugnaður og kynórur en alltaf með gráglettnisblæ. Alfred Flóki vann nánast einvörðungu í teikningu, hann notaði í myndirnar sínar penna og ýmsar tegundir af litakrít, bleki og kolkrít.

Nokkurri furðu sætir að Alfred Flóki skyldi ekki reyna sig við svartlistina, því að grafíkverk áttu almennu fylgi að fagna síðari hluta starfsævi hans. Þar haslaði sér aftur á móti völl listakonan **Jóhanna Bogadóttir** (f. 1944).

Jóhanna tekst í verkum sínum á við samfélagið og ytri veruleika sinn. Framan af leituðu á hana hugleiðingar um neyslusamfélagið og þróuðust síðar yfir spurningar um tengsl manns og náttúru, um umhverfisvernd og umgengni okkar um náttúruna. Hin síðari ár hefur Jóhanna ferðast um Afríku og bera verk hennar þess glögg merki.

Í fyrstu grafíkverkum sínum mótaði Jóhanna myndheim sem hún hefur sótt í æ síðan. Myndheimurinn geymir tilvísanir í raunveruleikann en þar fyrirfinnast enn fremur huglæg rými og fyrirbæri. Þar eru turnar, dýragrímur, niðursuðudósir eða bátar og einnig óræðari ták, litir og form. Jóhanna yfirfærði þennan frásagnarheim sinn fljótlega í málverk og kölluðust verk hennar þá einkum á við expressjónisma nýja málverksins á níunda áratugnum. Þegar fram liðu stundir varð myndheimur hennar óræðari og málverkin tóku í auknum mæli að vísa til náttúrunnar, til sjávarins og sambýlis manns og hafs.

Um aldamótin fór Jóhanna í fyrsta sinn til Afríku. Hún heimsótti meðal annars Suður-Afríku, Mósambík, Benín og Úganda og kynntist þar sögu og mannlífi, mannúðarstarfi og myndlistarlífi. Hugleiðingar um samfélag og samstöðu manna rötuðu í verk hennar í ríkulegum tákmyndum þar sem hið framandi og hið kunnuglega renna saman í eina heimsmynd. Kraftar náttúrunnar sem voru áberandi í verkum hennar urðu myndlíking fyrir ölgu í samfélaginu.

Heimkomin eftir áhrifamikla ferð til Beníns og lent í miðju efnahagshruni og búsáhaldabyltingu vann Jóhanna að röð grafíkverka árin 2008–2009 og kallar þau óformlega „Ísland-Afríka“. Þar leitaði hún í eigin táknheim frá því um þremur áratugum fyrr og spenn áfram kraftmiklar myndir með tilvísunum til heimahaga sinna í Vestmannaeyjum og til dvalarinnar í Afríku. Í verkunum ríkir upplausn og óreiða, eldar brenna, fólk rambar á barmi hengiflugs eða kaffærist undir ofgnótt eigin fjöldaframleiðslu.

### **Sigga Björg Sigurðardóttir** (f. 1977)

hefur mótað heim súrrealískra figúra sem standa einar eða nokkrar saman. Hún dregur fram mannleg karaktereinkenni og atburðarás sem lýsir tilvist og tilfinningalífi. Á löngum ferli hefur hún byggt upp mynd- og táknheim þar sem tilviljun og innsæi leiða hana áfram. Ein af vinnuáðferðum hennar er að sletta bleki eða leyfa því að leka á pappír og draga síðan fram figúru úr því sem þar birtist. Í nýlegri verkaröð, Óveru, setur Sigga Björg fram texta við hverja teikningu en fram til þess hafa myndir hennar staðið einar og óstuddar. Þegar yfirskriftir texta og myndar eru skoðaðar virðist heimur smásagna skammt undan: *Illur andi, Ég skelli á mig, Morð, Heimsókn, Dagdraumur* og *Nýr endir*. Hvert verk byggist á einhvers konar frásögn en í sjálfu sér er hvort tveggja órætt, texti og mynd. Þar er engin línuleg framvinna eða annað haldreipi venjulegrar sögu. Þvert á móti myndast lokuð hringrás þar sem upphaf og endir renna saman, framvindan tekur kollsteypu án skýringa eða maður er skilinn eftir í lausu lofti og að því er virðist engu nær. Textinn opnar mögulegar leiðir til lesturs myndanna og öfugt, án þess þó að falla í form myndskreytingar við sögu.

Fremur en að tengja verkin skáldskap eiga ef til vill hugmyndir um dagbók, draumtúlkun eða frjáls hugrenningatengsl betur við verk Siggú Bjargar. Þau endurspeglar tilfinningar, líðan eða stemningar úr hversdagslífinu á mjög yfirdrífinn og oft á tíðum grátbrosglegan hátt. Viðfangsefnið er alltaf persónur, ein eða fleiri. Mjótt er á munum á milli ljúfra krúttu og hræðilegustu skepna, hvort verurnar meina vel eða illa. Sigga Björg notar myndmál sem endurtekur sig milli verka þannig að hún skírskotar gjarnan í eigin táknheim. Hár, blóð og æla koma við sögu og eru stundum eina tengingin við mannlík-amann í óræðari myndunum, því að líkamar geta verið svo afbakaðir að maður veit ekki hvað snýr fram og aftur eða upp og niður. Er hún að teikna mann eða hest? Lögmál um líkamsbyggingu og hlutföll eru látin lönd og leið. Líkamspartar springa, bráðna, leka niður eða mynda mynstur. Ein persóna grúfir

sig yfir aðra, kæfir hana, fer inn í hana eða hangir utan í henni. Hér vakna hugmyndir um tilfinningar eins og einmanakennd, ást, meðvirkni, depurð eða hamingju.

Stundum varpa fígúrum Siggu Bjargar skuggum en annars dveljast þær yfirleitt í tvívíðu tómarúmi hvíts pappírs eða auðs striga. Hún vinnur yfirleitt aldrei eftir fyrirframákveðinni hugmynd eða skissu heldur er vinnuferlið ein atrenna. Þannig má segja að verkin spretti beint úr undirmeðvitundinni en um leið byggjast þau á löngu mótunarferli frá einni verkaröð yfir í næstu. Sigga Björg hefur reynt sig við flesta miðla og hafa persónur hennar birst í málverkum og teikningum á pappír eða beint á vegg sýningarsalarins. Þá hefur hún bæði mótað þær í skúlptúr og sagt sögu þeirra í „stop-motion“-teiknimyndum. Hvert svo sem formið er fer ekki á milli mála hver á hlut að máli, svo sérstakur og persónulegur er stíll Siggu Bjargar.

Sömu sögu má segja um myndheim **Sigurðar Ámundasonar** (f. 1986) sem vinnur ekki ólíkt Siggu Björgu í frjálssu flæði. Sérstæðar teikningar hans fara bil beggja, milli hins hlutbundna og óhlutbundna, raunveruleika og fantasíu, háleitra og listsögulegra skírskotana annars vegar og óhátiðlegra skrípamynda hins vegar. Þær eru unnar með blandaðri tækni, trélitum, kúlupenna, blýanti og tússi. Þessum ólíku teiknitólum ægir oft á tíðum saman í einu og sama verkinu. Teikningarnar bera sterkt handbragð höfundarins, form sem flæða úr einu í annað og tilfinning fyrir gusti sem stafar af taktföstum línum þvers og kruss. Ekki er laust við að súrrealistar eins og Salvador Dalí komi til hugar og draumkennd málverk hans af bráðnandi hlutum og bjöguðum fígúrum í yfirgefnu landslagi. Eða ríkulegur táknaheimur listamanna á borð við William Blake. Þá er nærtækt að líta til myndheims tölvuleikja þar sem persónur eigra um á milli ævintýraheima.

Í stærstu og nýjustu verkunum á sýningunni fara saman persónur, atburðir, landslag og byggingar. Svo virðist að hver mynd fangi tíma eða framvindu, þótt ekki sé nema

andartakshreyfingu, eins og akandi bíl, mann á hlaupum eða ríðandi hest. Þau minni sem fram koma eru sum hver almenn og úr hversdagslífinu en fleiri eru þó upphafin, epísk og yfirdriffin. Verkin koma fyrir sjónir eins og sviðsmyndir. Þar má sjá hallir, súlur, hetjur og riddara, rétt eins og í leikmynd í Wagner-óperu. Tónlistartengingin er ekki langsótt enda hlustar Sigurður á allt milli himins og jarðar við iðju sína. Handverkið og tíminn sem felst í teikningunum gefur til kynna tilraun til að koma ró á hugann en um leið er myndbyggingin óstöðug eins og stormsveipur. Þá er eins og teikningin sjálf sé við það að leysast upp, bráðna eða fjúka burt, og það á eins við um miðilinn sjálfan. Kúlupenni og trélitur teljast seint til stöðugra eða sigildra tóla í listasögunni.

Viðfangsefni Sigurðar eru tilvistarlegs eðlis. Þar vakna spurningar um sjálfsmynd og tilgang, hringrás lífs og dauða. Söguhetja brýst fram á sjónarsviðið með sverð reitt til höggs en brotnar upp í nokkur sjálf, samlagast landslagi eða byggingu. Beljandi haf, óræður himinn, dimm göng og tröppur sem enginn veit hvert liggja – sigilt efni martraða. Engin persóna kemur fram heil og óbjöguð; þær eru margbrotnar, láta ekki allt uppi og taka breytingum á miðri leið. Stundum er eins og táknumyndir verkanna spretti úr angist en þar má líka greina frelsistilfinningu og fögnuð yfir tilvist í stöðugri ólgu.

Verkin á sýningunni spanna langt tímabil, þau eru dagsett frá 1933 til 2018. Þau kallast á við ólíkan tíma, eigin samtíma eða tíma sem nær lengra aftur. Þjóðsögnum var einkum safnað á 19. öld en sögurnar sjálfar eru misgamlar og vitað er að sumar þeirra hafa varðveist öldum saman. Þrátt fyrir að verkin spanni þannig aldagamlan hugarheim eru viðfangsefnið eilíft hin sömu. Þar er maðurinn í miðpunkti og umhverfi hans, tilvist okkar, með öðrum og í einsemd. Þau viðfangsefni leita á listamenn nú sem fyrr og munu að líkindum verða hverri kynslóð fersk uppspretta um alla framtíð.



Jóhanna Bogadóttir, *Gáta Riddle*, 1980  
Úr safneign Listasafns Reykjavíkur From the Reykjavík Art Museum Collection



Alfurð Flóki, *Dauðinn sem lárviðarskáld* Death as a Poet Laureate, 1982  
Úr safneign Listasafns Reykjavíkur From the Reykjavík Art Museum Collection

# Tales of the Unseen

**Alfreð Flóki  
Ásta Sigurðardóttir  
Jóhanna Bogadóttir  
Kristinn Pétursson  
Sigga Björg Sigurðardóttir  
Sigurður Ámundason**

The exhibition's title, *Tales of the Unseen*, refers to the time of year in which it is held. The darkness engulfs us, it's the season when we feel the darkness gradually giving way to the light of the rising sun. That which was unseen slowly takes shape. The title also is a fitting description of the works on display. The artists have sought inspiration in folktales and myths, or created their own hidden world of symbols and images. The exhibition is full of mysterious and exciting images which power the imagination during the darkest time of the year. Some of them are a reference to known stories, others have developed independently in the mind of the artist. Either way, they reflect the human condition, relations between people, emotions and state of mind. The "Unseen" things on display here are mostly done on paper; drawings and lithograph prints – maybe a good word to use here would be the rare Icelandic phrase "svartlist" (black art).

In the past, the supernatural and incredible were a platform onto which human behaviour was transferred, to isolate it, investigate and try and gain a better understanding of it. This is true of the folktales, where emotions, merits and flaws were exaggerated, for fun and as a study. The tales reflect the beliefs of the Icelandic people, they describe their everyday life, their work, ideas, faith and longings. The folktales grew from the folk culture in the rural societies and influence our society still. One of the people who was fascinated by the world of folktales was the artist **Kristinn Pétursson** (1896–1981).

Pétursson started out doing sculptures but later turned to painting and lithography. He was one of the first Icelanders to do copper plates, first a series of Icelandic turf houses during the 1920's, and later the "folktale

etchings", so called in his diaries. They bring to light elements from local and international folklore. This work gained Pétursson quite a bit of attention and a few of them were chosen for an illustrated book of Icelandic folktales. In the 1940's, when the artist had settled in Hveragerði – like many other artists at that time – he brought these pictures out again and started colouring them by hand. Some of the results can be seen in this exhibition, for the first time ever. These coloured "folktale etchings" by Pétursson are completely unique in Icelandic art history and even further afield.

Pétursson abandoned the lithography early on and started painting surrealistic paintings. For a while he wrote down his dreams and from them created weird images where among other things, lampposts and shoes came alive. He also spent a lot of time on landscapes, where he experimented with geometry, abstraction and unusual colours. He wanted to develop his own personal style in landscape painting, with a focus on weather, form and colours. His work was not particularly well received, it was experimental and out of sync with the most popular currents of that period. Pétursson's last public exhibition was in his studio in Hveragerði in 1954. From then on he worked quietly and inconspicuously to the end of his days. His form experiments became even more progressive, his work more abstract and he also experimented with three-dimensional forms. Pétursson was philosophically minded, kept journals and wrote down his musings on art. He left quite a large collection of paintings and drawings but some of his last sculptures were lost.

The folktales which are brought to life in Kristinn Pétursson's lithographs are also the base of **Ásta Sigurðardóttir's** face cards (1930–1971). She takes it a step further, giving life to the characters of the tales rather than just illustrating the events described. Familiar wizards and witches, ghosts and other unnatural beings are presented to us with clear, distinctive features. An ornamental ribbon in the centre of each card echoes white and black magic, show-



ing various magic symbols. Sigurðardóttir's mythical cards did not go into production at the time, her original drawings are kept in the National Library. The originals are currently on display in Safnahúsið at Hverfisgata, but here they are shown on a screen, along with each character's name.

Sigurðardóttir's interest in the folktales may have sprung from the picture it shows us of women's social standing in the old days. She was preoccupied with the female stereotype she herself had to face, ideas which society had formed about women and how they were expected to behave. The old folktales show us the male view of women in the old days, but they also present to us dreams, expectations and desires held by women wanting a different role, a better life. If the fantasy of the folktales offers us a realistic description of the society, the same is certainly true for Sigurðardóttir's short stories. She described situations and events so realistically that readers were prone to believing the stories were an account of her own life. Her subjects were mainly society's underdogs, those who suffer a conflict between their own desires and the demands of society. Her characters are women on the verge of society, poor children or outsiders, desperately seeking acknowledgement by others.

In 1961, Sigurðardóttir's short stories were published in a book illustrated by some of her own artwork. The previous year, she and poet Þorsteinn from Hamar had published *Tannfé handa nýjum heimi* (Gift from the Tooth Fairy to the New World), with her artwork and Þorsteinn's poetry. Ásta's lithographs were never on show as actual artworks, only in published works. Her family has graciously allowed a few of them to be printed, so guests can better enjoy these rare and amazing pieces. They depict people and interpretations of unforgettable events from her short stories.

Ásta Sigurðardóttir defied accepted ideas of morality and rebelled against the society's prevailing values. The same can

be said of artist **Alfreð Flóki** (1938–1987). They both used their art to bring into the light things which normally were hidden from view, to give an insight into a world at odds with convention, to embrace human weakness and to expose the bourgeois values and dogma of society. Alfreð Flóki's work are exuberantly narrative in nature but most of them stand alone, without references to a certain text. An exception to this are his actual illustrations, as for example in the published book of translated stories, *Hrollvekjur* (Horror Stories) from 1982. Alfreð Flóki was inspired by symbolism and surrealism, as well as the world of occultism and fiction. Human existence appears in figurative ink and coal drawings, creating a strange and dark world of imagery.

Reykjavík Art Museum holds more than 1000 drawings by Alfreð Flóki. Sketches from his formation years show where he originally sought inspiration, for example in the works of Dostoyevsky and in the Bible. There are also various images of unnamed people immersed in reading. His works contain unique and complex imagery as well as personal symbolism. Alfreð Flóki's first exhibition in 1959, when he was only about twenty years old, attracted a lot of attention. By then he had been studying at the Royal Danish Academy of Fine Arts in Copenhagen for a year. From that point on, he caused quite a stir his whole career, both the artist himself, and his work, which shocked many. It offered a glimpse into the subconscious, dominated by mystique, dread and sexual fantasies, pierced with very black humour. Alfreð Flóki's medium was almost exclusively drawings, he used a pen and various coloured chalk, ink and coal.

It is quite amazing that Alfreð Flóki didn't try his hand at the "black arts" (svartlist), but lithographs were very popular during the latter half of his lifetime. The artist **Jóhanna Bogadóttir** (b. 1944) rose to prominence in that field. In her work, Bogadóttir deals with the society and her outer reality. In the beginning, she was preoccupied with the consumer society but it developed into the connection of man and nature, man's han-

ding of nature and environmental issues. In later years, her work has been strongly influenced by her frequent trips to Africa.

In her first lithographs, Bogadóttir developed a world of imagery which she has expanded on ever since. It has a reference to reality but is also filled with subjective spaces and phenomena. It contains towers, animal masks, cans and boats, but also more ambiguous symbols, colours and forms. Bogadóttir soon started transferring this imagery into paintings, her work mostly echoing the expressionism of the New Painting in the eighties. In time, her imagery became more inscrutable and the paintings increasingly reference nature, the sea and man's relationship with the sea.

Bogadóttir went on her first trip to Africa around 2000. She visited South Africa, Mósambik, Benin and Uganda, among other countries, and became acquainted with the history and society, humanitarian work and the art world. Ideas of society and the unity of people found their way into her work in beautiful images where the exotic and the familiar merge in one world view. The power of nature which was prominent in her work becomes a metaphor for turbulence in the society.

When Bogadóttir returned from an influential trip to Benin, straight into the economic collapse and the following revolution, she did a series of lithographs in 2008 and 2009, which she called "Iceland-Africa". She delved into her own world of imagery from three decades previously and created powerful images with a mixture of references to her hometown in the Westman Islands and to her stay in Africa. The works are dominated by chaos and disintegration, fires are burning, people teetering on the verge of the abyss or suffocating underneath their own mass production.

**Sigga Björg Sigurðardóttir** (b. 1977) has created a world of surrealist figures which stand alone or in groups. She emphasises human characteristics and a course of events describing an existence or emotional life. During her career she has built up a world

of images and symbols where she is led by chance and intuition. One of her methods is splashing the paper with ink, or allowing it to drip down, and then creating a figure from the blotches. In her recent series, *Óvera* (Trifle), all drawings are accompanied by text, a novelty in her work. When looking closely at the titles, a world of short stories seems not so far off: *Evil Spirit, I Hang up on Myself, Murder, Visit, Daydreaming* and *New Ending*. Each work is based on some sort of story but both text and image are quite inscrutable. There is no linear progress or other mainstays of a normal story. On the contrary, we get a closed circuit where the beginning and the end merge, the progress goes through upheaval without explanation and the viewer is left dangling and none the wiser, or so it appears. The text opens up a possible way of interpreting the images, and vice versa, without it being simply an illustrated story.

Rather than being connected to literature, the idea of a journal, dream interpretation or stream of consciousness better describes Sigurðardóttir's work. It reflects feelings, emotions and everyday atmosphere in an exaggerated and often tragicomical manner. The subject is always characters, one or more. The line between the cuddliest darlings and the most fearsome beasts is a fine one; if they are well-meaning or evil. Sigurðardóttir uses imagery which is repeated from one work to another so she readily refers to her own world of symbols. Hair, blood and vomit occur frequently and in some of the more ambiguous works it is the only connection to the human body which can be so heavily deconstructed that the viewer has no idea what is up or down, front or back. Is she drawing a man or a horse? All rules of anatomy or proportions are thrown out the window. Body parts explode, melt, drip or form patterns. One character covers another, suffocates them, penetrates them or clings onto them. This raises ideas of feelings like loneliness, love, co-dependency, sadness or happiness. Sometimes, Sigurðardóttir's figures cast shadows, but most of the time they reside in a two-dimensional space on white paper

or empty canvas. She almost never works from a definite idea or a sketch, the work process is one continuous haul where the artwork springs directly from her subconscious, but at the same time it is based on a long formation process from one series to the next. Sigurðardóttir has tried her hand at most media, her figures have appeared in paintings and drawings on paper or directly onto the exhibition hall's walls. She has also sculpted them and made stop-motion cartoons. Whatever the form is, the work is easily recognisable, thanks to Sigga Björg Sigurðardóttir's special and personal style.

The same can be said of the imagery of **Sigurður Ámundason** (b. 1986), who not unlike Sigga Björg Sigurðardóttir works with stream of consciousness. His unusual drawings toe the line between the concrete and the abstract, reality and fantasy, exalted art-historical references on one hand and straightforward caricatures on the other. He uses mixed technique, crayons, biros, pencils and felt-tip pens, often all of them in the same picture. The drawings bear a clear mark of their maker, forms which flow into each other, a feeling of wind created by rhythmical lines across them. Surrealists like Salvador Dali spring to mind, with his dream-like paintings of melting things and distorted figures in a desolate landscape. Or the bountiful imagery of artists like William Blake. There are also considerable similarities to computer games, where characters wander between adventure realms.

Ámundason's largest and most recent artworks in this exhibition show characters, events, landscape and structures. Each image seems to capture time, or a continuum, if only for a few seconds, like a driven car, a person running or a galloping horse. Some of the motifs appearing are general, from everyday life, but more are exalted, epic, overdriven. They appear like stage sets, with palaces, columns, heroes and knights, like the set of a Wagner opera. The musical connection is not far-fetched, Ámundason listens to all kinds of music when he works. The craftsmanship and time

embedded in the drawings indicate an attempt to calm the mind, but at the same time the image structure is as changeable as the wind. It's like the drawing itself is dissolving, melting or blowing away, and the same goes for the tools themselves. Biros and crayons can hardly be seen as among the more stable or classical tools in art history.

Ámundason's subjects are of an existential nature. They raise questions about identity and purpose, the circle of life and death. A hero appears with a raised sword but breaks into many identities, merges with the landscape or a structure. A raging ocean, unfathomable sky, dark tunnel and steps leading into the unknown – the classic stuff of nightmares. No-one appears whole and unbroken, the characters are complex, discreet and changeable. Sometimes it's like the symbols stem from anguish, but we also sense a feeling of freedom and joy of existence in an everlasting turbulence.

The works in the exhibition span a long period of time, dated from 1933 to 2018. They echo different periods, their own contemporary time or an age reaching further back. The folktales were mainly collected in the 19<sup>th</sup> century but they are from different periods and some of them go back many centuries. Regardless of this time difference, the topics are always the same; man and his environment is at the centre, our existence alone and with others. Those are the issues that artists deal with today and probably will for generations to come.

## Dagskrá Programme

### Leiðsagnir Museum Tours

**Sunnudag 14. janúar kl. 14.00**

Sunday, January 14, 14:00

**Sunnudag 28. janúar kl. 14.00**

Sunday, January 28, 14:00

**Sunnudag 11. febrúar kl. 14.00**

Sunday, February 11, 14:00

**Sunnudag 11. mars kl. 14.00**

Sunday, March 11, 14:00

**Sunnudag 22. apríl kl. 14.00**

Sunday, April 22, 14:00

### Smiðjur Workshops

**Safnanótt, 2. febrúar**

Museum Night, February 2

**Vetrarfrí grunnskóla, 16.–18. febrúar**

School Winter Break, February 16–18

**Barnameningarhátíð, 17.–23. apríl**

Children's Culture Festival, April 17–23

### Nánar um dagskrána

á heimasíðu safnsins

More on the programme

on the museum's website

### Þakkir Thanks to

**Kolbeinn Þorsteinsson**

**og fjölskylda Ástu Sigurðardóttir**

and the family of Ásta Sigurðardóttir

**Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn**

National and University Library of Iceland

**Kvennasögusafn**

The Women's Stories Library

**Jóhann Ludvig Torfason**

**Landsþítalinn**

The National University Hospital

**Brynhildur Guðjónsdóttir**

**Pétur Arason og Ragna Róbertsdóttir**

**og aðrir sem lánuðu verk á sýninguna**

**eða aðstoðuðu með öðrum hætti**

and others who loaned their work to

this exhibition or helped in other ways

### Listamenn Artists

**Alfred Flóki (1938–1987)**

**Ásta Sigurðardóttir (1930–1971)**

**Jóhanna Bogadóttir (1944)**

**Kristinn Pétursson (1896–1981)**

**Sigga Björg Sigurðardóttir (1977)**

**Sigurður Ámundason (1986)**

### Sýningarstjórn Curator

**Markús Þór Andrésson**

### Kjarvalsstaðir

Flókagata 24

105 Reykjavík

+354 411 6420

### Opið daglega

Frá 10.00 til 17.00

**Open daily**

10h00–17h00

### Listasafn Reykjavíkur

Reykjavík Art Museum

#listasafnreykjavíkur

